

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/705
komudagur. 6.1.2004

Egilsstöðum 26.12.2003.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Landssamtaka skógareigenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Í þessu lagafrumvarpi leggur LSE til tvær breytingar sem okkur þykja orka mjög tvímælis að breyta frá núverandi lögum, og eru ekki í markmiðum um endurskoðun laganna eins og tekið er fram á bl. 7 í frumvarpinu.

Tillögur:

LSE leggur til að b. liður, 1. gr ***að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar***, verði alveg felldur niður.

Rökstuðningur:

Það á að vera markmið lagasetningarinnar að auðvelda og aðstoða við ákvarðanatöku við þær framkvæmdir sem falla undir þessi lög. Skógrækt er ört vaxandi búgrein sem okkur er mikið í mun að dafni sem best og erum þess vel meðvituð að þessi ræktun mun ávalt breyta miklu í umhverfinu, því skógurinn er ræktaður á skóglausu landi. LSE telur ekki að umhverfisáhrif skógræktar séu neikvæð eða varhugaverð eins og staðið er að þessum framkvæmdum í dag.

19 gr.

LSE leggur til að a. D-liður orðist svo: Nýræktun skóga á **200 ha** svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsvæðum svo og ***varanleg eyðing*** á náttúrulegum skógi.

Rökstuðningur:

LSE legur mikla áherslu á að viðmið í núverandi lögum 106/2000 verði höfð óbreytt **200 hektarar**.

Forsendur hafa ekki breyst frá setningu núverandi laga og það er mikilvægt að hafa sátt um þessi stærðarmörk. Það eru komin lög um landshlutabundin skógræktarverkefni í alla landshluta þannig að þeir sem rækta og skipuleggja skógrækt í landinu eru nær undantekningalaust innan vébanda þessara verkefna, þar sem fullt tillit er tekið til verndarsvæða.


LSE leggur til orðalagið ***varanleg eyðing*** í stað ruðnings. Varanleg eyðing er áhyggjuefni allra þeirra sem láta sig umhverfisvernd varða.

Þá vil LSE leggja til að bætt verði inn í 3. viðauka laganna:

Fornminjar sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum, sem eru allar fornleifar eldri en 100 ára skulu njóta verndar 20 m frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Rökstuðningur: Þetta er til samræmingar við nágildandi þjóðminjalög

F.h. Landssamtaka Skógareigenda

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Edda Kr. Björnsdóttir'. The signature is fluid and cursive, written in a professional style.

Edda Kr. Björnsdóttir formaður